

Fundargerð

Árið 2022, miðvikudaginn 28. desember kl. 17:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram fundargerð ráðgjafarnefndar frá 15. desember 2022 og ákveðið var að leggja hana fram til samþykktar síðar.

2. Sérþarfir fatlaðra grunnskólanemenda

Endanleg framlög ársins 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. desember 2022, um endanleg framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda á grundvelli 4. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002, ásamt 2. áætlun að úthlutun framlaganna.

Lagt er til að árið 2022 verði greitt með 940 einstaklingum samanborið við 889 einstaklinga árið 2021. Af þessum 940 er greitt með 889 einstaklingum á grunni SIS-C mats en 51 á grundvelli eldri matkerfa Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins. Árið 2021 voru 121 nemandi á grundvelli eldri matskerfanna. Yngstu einstaklingarnir sem falla undir eldri matskerfin eru fæddir 2013 fyrir annað kerfið og 2011 fyrir hitt. Frá árinu 2021 hefur framlagið byggst á öllum SIS mötum sem gerð hafa verið (auk eldri tegunda greininga) í stað þess að óska sérstaklega eftir umsóknum frá sveitarfélögum. Framlögin nú miða við sömu krónutölu á hvern stuðningsflokk og miðað var við í 1. áætlun en fjárhæðin er að loknum útreikningi samkvæmt því aðlöguð að heildarfjárhæð til ráðstöfunar sem lagt er til að sé 2.850 m.kr. Reykjavíkurborg er undanskilin frá þessari reglu en framlög til borgarinnar byggjast á sérstökum samningi.

Jafnframt verður endanlegt framlag til Reykjavíkurborgar reiknað út samkvæmt samningi.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykka 2. áætlun um úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda fyrir árið 2022 að fjárhæð 2.850 m.kr.

3. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Tillaga um úthlutun framlaga árið 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags, 23. desember 2022, um framlög vegna samninga sveitarfélaga við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) á grundvelli reglugerðar sjóðsins um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk nr.1291/2021, ásamt tillögu að úthlutun framlaganna.

Útreikningur framlaganna tekur mið af því að greiðsla fyrir hvern NPA samning í umsókn sveitarfélags/þjónustusvæðis nemi 25% af upphæð viðkomandi samnings. Félagsmálaráðuneytið sér um söfnun upplýsinga og alla umsýslu.

Fyrir liggja umsóknir sveitarfélaga vegna NPA samninga vegna ársins 2022, bæði vegna endurnýjunar núgildandi samninga sem og vegna nýrra samninga. Sótt er um framlag vegna 89 samninga og nemur 25% kostnaðarþáttaka Jöfnunarsjóðs 844 m.kr. Til samanburðar var veitt framlag vegna 91 samnings árið 2021 að fjárhæð 689 m.kr. Meðalupphæð samnings hækkar um 8 m.kr. milli árana 2021 og 2022.

Fjármagn til þessa málaflokks árinu frá ríkinu (félagsmálaráðuneytinu) eru 708 m.kr og óhafið fjármagn vegna NPA verkefnisins hjá jöfnunarsjóði er 127.881.136 kr. sem er samtals 835.881.136 kr. Það vantar því 8.743.801 kr. til að fjármagna framlögin sem lagt er til að verði veitt.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykka tillöguna um úthlutun framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir árið 2022 að fjárhæð 844 m.kr. Nefndin gengur út frá því að ríkið fjármagni að fullu þátttöku ríkissjóðs í verkefninu og að Jöfnunarsjóði verði greitt 8,7 m.kr vegna framlagsins.

4. Breytingar á regluverki framlaga vegna fatlaðs fólks

Ábendingar til nýrrar ráðgjafarnefndar

Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur undanfarið fjallað um mögulegar breytingar á regluverki sjóðsins hvað varðar almenn framlög í málaflokki fatlaðs fólks.

Helstu breytingar lúta að því að reiknireglum verði breytt með þeim hætti að:

- Aukin hvati myndist hjá sveitarfélögum til að senda þjónustuþega í SIS mót. (Útreikningi á grunni kostnaðarmats sveitarfélaga verði hætt en þess í stað eingöngu miðað við SIS mat).
- Greitt verði með börnum á grunni SIS mats.
- Útsvarstenging framlaga verði fjarlægð.

Fram kom á fundinum að fráfarandi ráðgjafarnefnd beini þeim ábendingum til nýrrar ráðgjafarnefndar að með framangreindum hugmyndum sé regluverkið gert skilvirkara og réttlátara. Hins vegar hafi ekki náðst að gera tillögur að breytingum fyrir áætlun framlaga ársins 2023. Því hefur nefndin ekki viljað leggja með formlegum hætti til breytingar á regluverkinu og binda þar með hendur nýrrar nefndar, en stefnt yrði að því að breytingarnar tækju gildi 1. janúar 2024.

5. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks 2022

Endanleg framlög ársins 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. desember 2022, um almenn framlög vegna fatlaðs fólks 2022 ásamt 4. áætlun framlaga ársins 2022.

Breytingar frá þriðju áætlun, sem Ráðgjafarnefnd fjallaði um á fundi sínum 28. nóvember s.l., felst í leiðréttingum á skráningu sjö einstaklinga. 4. áætlun gerir ráð fyrir að heildarframlög séu að fjárhæð 19.270 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanleg framlög vegna fatlaðs fólks fyrir árið 2022 að fjárhæð 19.270 m.kr.

6. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Framlög vegna aðgengismála

Rangárþing Ytra

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Rangárþings Ytra, dags. 21. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna kaupa og uppsetningar á lyftu við grunnskólann á Hellu.

Áætlaður heildarkostnaður nemur 17.500.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka

Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 8.750.000 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands geti numið 35.131.081 kr. Í samræmi við óskir Bergrisans bs. hefur eyrnamerktu framlagi Suðurlands verið skipt á milli sveitarfélaga Suðurlands á grundvelli íbúafjölda. Hluti Rangárþings Ytra af heildarframlagi Suðurlands er þá 2.487.887 kr.

Lagt er til að Rangárþingi Ytra verði veitt hámarksframlag til úrbóta að aðgengismálum að fjárhæð 2.487.887 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.487.887 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Reykhólahreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykhólahrepps, dags. 21. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag til þess að ráða arkitekt til að teikna upp útfærslu á aðgengilegu salerni við Reykhólaskóla.

Áætlaður heildarkostnaður nemur 2.148.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 1.074.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að synja umsókn Reykhólahrepps á grundvelli þess að ekki er um eiginlegar framkvæmdir að ræða. Starfsmanni Jöfnunarsjóðs var falið að óska eftir upplýsingum um hvort aðeins sé um hönnunarkostnað að ræða.

Sveitarfélagið Skagafjörður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 23. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna endurgerðar á lóð leikskólans

Tröllaborg að Hólum í Hjaltadal. Lóðin var torfærin fötluðum nemendum, en nú hefur halli á lóðinni verið að mestu jafnaður og þrep fjarlægð.

Áætlaður heildarkostnaður nemur 43.234.358 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 21.617.179 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Norðurlands vestra geti numið 15.275.198 kr. Í samræmi við óskir þjónustusvæðisins hefur eyrnamerktu framlagi Norðurlands vestra verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda. Hluti Sveitarfélagsins Skagafjarðar af heildarframlagi Norðurlands vestra er þá 8.857.758 kr.

Lagt er til að Sveitarfélaginu Skagafirði verði veitt hámarksframlag til úrbóta að aðgengismálum að fjárhæð 8.857.758 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 8.857.758 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Djúpavogshreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Djúpavogshrepps (Múlaping), dags. í júlí 2020, þar sem óskað er eftir framlagi til úrbóta á ferilmálum fatlaðs fólks. Sótt er um framlag vegna ýmissa úrbóta á aðgengismálum sals sem er í eigu Hótel Framtíðar ehf. á Djúpavogi. Umræddur salur hýsir opinberar samkomur, fundarhöld, félagsaðstöðu fyrir almenning, stofnanir sveitarfélagsins og matsal Grunnskóla Djúpavogs.

Samtals áætlaður kostnaður við framkvæmdirnar er 8.932.310 kr.

Starfsmaður lagði til að framlagið yrði veitt á grundvelli e. liðar 2. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þar sem umsóknin var send áður en verkefninu um átak í aðgengismálum var ýtt úr vör. Einnig var lagt til að Múlapingi verði veitt helmingsframlag að fyrirmynd 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021 þar sem framkvæmdin fellur vel að þeim framlögum. Ef framlagið er veitt á grundvelli 2. greinar reglugerðar nr. 280/2021 þá dregst

Það ekki frá eyrnamerknum aðgengisframlögum til Múlaþings skv. 3. grein reglugerðar nr. 280/2021.

Sé miðað við helmingskostnaðarþáttöku Fasteignasjóðs, að fyrirmynd framlaga vegna úrbóta á aðgengismálum, myndi framlag Fasteignasjóðs nema 4.466.155 kr.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að ef erindið væri sent í dag þá væri framlagið veitt á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 4.466.155 kr. vegna framkvæmdarinnar, á grundvelli 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021.

Stofnframlög - HMS 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 12. desember 2022, um stofnframlög vegna sértækra búsetuúrræða á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á árinu 2022. Um var að ræða samþykktir vegna 6 framkvæmda og nemur hlutur Jöfnunarsjóðs 97,6 m.kr. en hlutur HMS nemur 300,3 m.kr. Framlögin skiptast svo:

Stofnframlagshafi:	Verkefni:	Stofnframlag hlutur ríkis	Stofnframlag hlutur Jöfnunarsjóðs	Samtals stofnframlag
Bergrisinn bs.	Nauthagi 2 í Árborg	36.628.544	14.052.460	50.681.004
Félagsbústaðir hf.	Endurbætur á Laugavegi 105	54.764.888	7.021.139	61.786.027
Félagsbústaðir hf.	Háteigsvegur 59	59.047.904	15.014.461	74.062.365
Félagsbústaðir hf.	Brekkuás 6	54.936.451	37.112.438	92.048.889
Landssamtökin Þroskahjálp Garðabær	Skógarhverfi 3C á Akranesi	33.166.210	5.542.364	38.708.574
	Brekkuás	61.794.330	18.838.841	80.633.171
		300.338.327	97.581.703	397.920.030

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja stofnframlög vegna sértækra búsetuúrræða að fjárhæð 97,6 m.kr.

7. Samstarfslok Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar - málefni fatlaðs fólks

Beiðni um endurreikning framlaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi sveitarfélaganna Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar, dags. 23. nóvember 2022, er varðar fjárhagsleg slit sveitarfélaganna í málefnum fatlaðs fólks.

Óskað var eftir því að Jöfnunarsjóður endurreikni framlög Jöfnunarsjóðs vegna fatlaðs fólks til Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar frá og með 8. júní 2022, þegar nýr samstarfssamningur sveitarfélaganna var staðfestur.

Nefndin féllst á beiðni sveitarfélaganna.

8. Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna fatlaðs fólks

Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk hefur hingað til verið sett á ársgrundvelli hvers árs. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs og lögfræðingur innviðaráðuneytisins hafa unnið saman að því að gera reglugerðina ótímabundna skv. drögum að nýrri reglugerð.

Ný reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk mun veita heimild til að beita framreikningi á grundvelli vísitöluútreiknings til stórra þjónustueininga sem fyrir yfirfærslu árið 2011 þjónuðu einstaklingum af öllu landinu.

Fram komu ýmsar athugasemdir um lagfæringar á drögum að reglugerðinni í umfjöllun nefndarinnar sem starfsmaður mun koma áleiðis til lögfræðings innviðaráðuneytisins.

Ekki var meira tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:16.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Margrét Þórarinsdóttir

Daníel Jakobsson

Stefán Vagn Stefánsson

